

Stjórnarfundur LH 7. september 2007

9. fundur. Haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Aðalstjórn og varastjórn voru boðaðar til þessa fundar. Mætt voru: Haraldur Þórarinnsson, Einar Ragnarsson, Marianna Gunnarsdóttir, Sigurður Ævarsson, Eyþór Gíslason, Þorvarður Helgason, Oddur Hafsteinsson og Sigrún Valdimarsdóttir. Einnig mættu Sigrún Ögmundsdóttir og Regína Gunnarsdóttir af skrifstofu LH.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Fundargerð síðasta fundar yfirfarin og eftir smá lagfæringar var hún samþykkt.

2. Fréttablaðið og samningur við Jens Einarsson

Fréttablaðið og samningur við Jens Einarsson um umsjón og ritstjórn. Mjög jákvæðar viðtökur frá stjórn. Haraldur Þórarinnsson og Jens Einarsson skrifa undir samning um samstarf og fyrirkomulag.

3. Afmælisrit LH

LH verður 60 ára árið 2009. Haraldur Þ. telur rétt að minnst þess með einhverjum hætti t.d. afmælisrit. Haraldur hefur haft samband við Kára Arnórsson sem samþykkti að nafn hans yrði nefnt í þessu samhengi. Eftir umræðu lýsti stjórn ánægju með þessa hugmynd og sérstaka ánægju með viðbrögð Kára. Skrifstofunni er falið að vinna kostnaðaráætlun fyrir þetta verkefni í samvinnu við Kára. Stjórnin hugsar fyrir næsta fund hvaða aðilar gætu verið í afmælisnefnd.

4. Hlutfé LH í Landsmót ehf.

Stjórn LM hefur óskað eftir því að LH breyti skuld LM við LH í aukið hlutfé. Stjórnin samþykkir að framkvæmdastjórn sé heimilt að auka hlutfé í LM um allt að tvær milljónir.

5. Formannafundur og uppskeruhátíð

Senda þarf bréf og boða fundinn með drög að dagskrá.

6. Spurningalisti til stjórnmalaflokkanna fyrir kosningar, næstu skref.

Reiðvegamála – Stjórnmalaflokkarnir sem svöruðu spurningum formanns LH eru sammála því að auka þurfi fé til reiðvega. Í augnablikinu virðast þessi mál í ásættanlegum farvegi.

Einnig eru þeir sammála um að auka beri námsframboð meðal annars með hestabrautum í framhaldsskólana.

Stjórnin samþykkti að óska eftir fundi með fjármálaráðherra um skattamálefni hestamennskunnar.

Halda þarf fund með landbúnaðarráðherra varðandi fagrád.

Halda fund með Geir H. Haarde og ræða um kostnaðarþátt ríkisins og sveitarfélaga í tengslum við Landsmót. Einnig þarf að ræða um framtíð Skógarhóla og hvað á að verða um þann stað.

7. Önnur mál

a. Öryggisnefnd LH, nefndin starfar á fullu og mun kynna sitt starf á formannafundi.

b. Æskulýðsráðstefna LH, Þorri fór yfir undirbúning og búið er að senda boð út til félaganna ásamt drög að dagskrá.

c. FEIF ráðstefna á Ísland í febrúar. Sigrún Ögmundsdóttir fer yfir undirbúning.

d. Tilnefning á íþróttamanni og konu ársins, Sigrún Valdimarsdóttir, Sigurður Ævarsson og Einar Ragnarsson fara saman yfir málið og leggja fyrir stjórn.

e. Umsókn Sigurðar Torfasonar um fjárstyrk vegna kennslu í járningum í USA. Einar Ragnarsson og Sigurður Ævarsson taka málið til skoðunar.

- f. Ráðstefna á vegum LH og Gusts um skipulagsmál hestúsabyggða. Athuga hvort Sigríður Sigþórsdóttir getur komið á fund og aðstoðað við skipulag slíkra ráðstefnu.

Næsti fundur ákveðinn 5. október kl 15:00.

*Fleira ekki fært til bókar
Fundarritari: Einar Ragnarsson*